

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

1. gr.

Í stað orðsins "skorsteinn" í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar í öllum beygingarmyndum kemur í rétttri beygingarmynd: reykháfur.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eigandi íbúðar skal sjá til þess að í íbúðinni og á hverri hæð séu nægjanlega margir CE-merktir reykskynjarar til þess að tryggja fljóta og örugga brunaviðvörðun fyrir þá sem í íbúðinni dvelja.

3. gr.

Á eftir orðunum "ítarlegri gagna" í 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur: sem varða brunaöryggi mannvirkisins, m.a. byggingarleyfis, niðurstaðna úttekta opinberra aðila, gagna um eigið eftirlit og staðfestinga þjónustuaðila.

4. gr.

Í stað orðsins "eldvarnir" í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur: eftirlit og viðhald eldvarna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 19. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir d-lið 2. mgr. kemur nýr stafliður, sem verður e-liður, svohljóðandi: atvinnuhúsnæði þar sem búseta fer fram án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun húsnæðisins,
- E-liður 2. mgr. verður f-liður.
- Í stað orðanna "a-, b- og c-lið" í a-lið 3. mgr. kemur: a-, b-, c- og e-lið.
- Í stað orðanna "d- og e-lið" í b-lið 3. mgr. kemur: d- og f-lið.
- Orðin "árlegrar" og "sem falla undir a-lið 2. mgr." í 4. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 20. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir orðunum "Áætlunin skal" í 2. málsl. 2. mgr. kemur: vistað í brunagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og.
2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Slökkviliðsstjóri skal vista afrit af skýrslunni í brunagátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

7. gr.

Við 21. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Slökkvilið skal gefa umsagnir um brunavarnir óski annað stjórnvald eða stofnun eftir því.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 22. gr. reglugerðarinnar:

a. 3. mgr. orðast svo:

Í öllum slökkviliðum skal vera starfandi eldvarnaeftirlitsmaður sem sinnir eldvarnaeftirliti, eftir atvikum samhliða öðrum störfum, sbr. þó 23. gr. Ef ekki liggur fyrir áhættumat og rökstuðningur í brunavarnaáætlun viðkomandi sveitarfélags fyrir öðru skal miða við að einn eldvarnaeftirlitsmaður sé að lágmarki í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnaeftirlitsmanns vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda nema áhættumat brunavarnaáætlunar rökstyðji aukinn fjölda eldvarnaeftirlitsmanna.

b. 6. mgr. orðast svo:

Fáist ekki aðili til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er slökkviliðsstjóra heimilt að höfðu samráði við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að ráða til starfa eldvarnaeftirlitsmann sem starfar undir handleiðslu aðila sem uppfyllir umrædd hæfisskilyrði.

9. gr.

2. málsl. 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Eldvarnafulltrúi skal gera skýrslu um framkvæmd eigin eftirlits og skila til slökkviliðsins innan tveggja vikna frá framkvæmd skoðunar, eftir atvikum með rafrænum hætti.

10. gr.

Á eftir orðunum "34. gr." í 30. gr. reglugerðarinnar kemur: og stjórnvaldssektum slökkviliðsstjóra samkvæmt 34. gr. a.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 39. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 11. október 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.